

Stofnunarsamningur
Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja
og
Sálfræðingafélags Íslands

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til sálfræðinga hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. Að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis.
- b. Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.
- c. Að launakerfið stuðli að því að stofnunin hafa alltaf á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem vinnur að einurð að verkefnum stofnunarinnar og býr við starfsumhverfi sem býður upp á möguleika til starfsþróunar og að vaxa og dafna í starfi.
- d. Að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

3. Starfalýsingar og röðun

3.1 Forsendur starfalýsinga byggja m.a. á skipuriti, starfslýsingu og umfangi. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksemi. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Grunnröðun skýringar

Launaf. 8 **Sálfræðingur 1:** Sálfræðingur á fyrsta starfsári. Vinnur almenn sálfræðistörf, sálfræðimat og ráðgjöf. Nýtur leiðsagnar reyndari sálfræðings.

- Launaf. 10** **Sálfræðingur 2:** Sálfræðingur eftir að jafnaði eitt ár í starfi á stofnuninni eða í faggreininni. Vinnur sjálfstætt við sálfræðiathuganir, mat og ráðgjöf samkvæmt skipulagi starfsstöðvar og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna.
- Launaf. 11** **Sálfræðingur 3:** Sinnir sama starfi og sálfræðingur 2. Hefur að jafnaði fjögurra ára starfsreynslu í faggreininni eða hefur verið falin umsjón með afmörkuðum verkþáttum (t.d. umsjón með sálfræðilegum prófum, umsjón með tiltekinni meðferð, umsjón með námskeiðum) af yfirmanni.
- Launaf. 13** **Yfirsálfræðingur/teymisstjóri:** Sálfræðingur sem hefur verið falin yfirumsjón með umfangsmiklum verkefnum og er faglegur yfirmaður sálfræðinga í teymi. Ber ábyrgð á skipulagi og þróun sálfræðiþjónustu í samráði við sinn yfirmann. Hann getur haft handleiðslu annarra meðferðaraðila með höndum. Hann hefur stefnumótandi áhrif á starf og stjórnun starfsstöðvar.

4. Mat á einstökum þáttum

Til viðbótar þeim þáttum sem ákvarða grunnröðun, skv. 3. gr., skal meta persónubundna þætti sem gera viðkomandi sálfræðing hæfari í starfi. Þannig er vinnuveitanda gefið svigrúm til að meta þætti til launa sem ekki var krafist við ráðningu starfsins. Eftirfarandi þættir skulu metnir umfram grunnröðun skv. 3. gr. sem álag á láréttum ás.

4.1. Viðbótarmentun, reynsla og færni

Tryggja skal að áhugi og framtak starfsmanns við að afla sér endur- og símenntunar og aukinnar þekkingar leiði til launahækkunar. Hér skal einnig taka tillit til handleiðslu sem er nauðsynleg til að tryggja gæði í störfum sálfræðinga. Áhrif endur- og símenntunar taka mið af eftirtöldum greinum.

4.1.1 Viðbótarnám

Ph.D. gráða hækkar laun sálfræðings um 2 þrep

Meta skal til hækkunar á launum sérmenntun á tilteknu sviði greiningar eða sálfræðilegrar meðferðar sem nýtist í starfi hjá stofnuninni á eftirfarandi hátt:

Viðurkennt nám í hugrænni atferlismeðferð (60 ECTS)	2 þrep
Viðurkennt nám í fjölskyldumeðferð (60 ECTS)	2 þrep
Viðbótar masterspróf sem nýtist í starfi	2 þrep
PMT-nám	1 þrep
Nám til kennsluréttinda / kennarapróf	1 þrep

Annað sambærilegt nám, sem nýtist í starfi skal meta á sama hátt og hér að ofan til 1 – 2 þrepa.

4.1.2. Sérfræðiviðurkenning og áfangar að henni

4.1.2.a)

1. áfangi	1 þrep
2. áfangi	1 þrep
3. áfangi	1 þrep
Sérfræðileyfi	1 lfl

Ofangreindir áfangar eru skilgreindir eftirfarandi:

- | | |
|-----------|--|
| 1. áfangi | 100 fræðslustundir, 20 handleiðslutímar eða 20 ECTS einingar |
| 2. áfangi | 200 fræðslustundir, 40 handleiðslutímar eða 40 ECTS einingar |
| 3. áfangi | 300 fræðslustundir, 60 handleiðslutímar eða 60 ECTS einingar |
- Sérfræðileyfi frá Landlæknisembætti

Aldrei skal vera um tvítalningu náms eða námsstunda í ákvæðum 4.1.1 og 4.1.2 að ræða.

4.2. Krafa um aukið sjálfstæði í starfi

Ef einungis einn sálfræðingur starfar í sérhæfðu teymi (barna eða fullorðinsteymi) eða gegnir stefnumótandi hlutverki varðandi sálfræðiþjónustu í teymi, þar sem sálfræðingur er ekki teymisstjóri, skal hann hækka um 2 þrep á því tímabili.

4.3. Starfsreynsla almennra starfsmanna

- Almennur sálfræðingur sem starfað hefur hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í samtals 7 ár hækki um 1 þrep.
- Almennur sálfræðingur sem starfað hefur hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í samtals 12 ár hækki um 1 þrep.

Heimilt er að meta starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan Heilbrigðisstofnunarinnar.

4.4. Samskipti og stjórnun

Heimilt er að greiða stjórnendum allt að 2 þrepum fyrir sérstök verkefni eins og gerð verklagsreglna, gæðahandbókar, vinnu við klínískar leiðbeiningar og fleira, að fengnu leyfi yfirmanns.

4.5. Hækkun umfram 8 þrep á láréttum ási

Starfsmaður, sem hefur áunnið sér hækkun vegna þátta í liðum 4.1. til 4.4., umfram 8 álagsþrep, færir í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

5. Tímabundin hækkun og hæfnislaun

Heimilt er að hækka starfsmann um allt að tveimur álagsþrepum ef starf hans uppfyllir neðangreindar forsendur, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra við grunnröðun eða greitt fyrir með öðrum hætti.

- Aukið álag í starfi, að mati yfirmanns.
- Starfsmaður hefur umsjón með sálfræðipjónustu á fleiri en einni starfsstöð HSS eða starfar í fleiri en einu teymi.
- Starfsmaður stýrir föstu og reglulegu samstarfi / teymisvinnu með stofnunum utan HSS.
- Starfsmaður hefur umsjón með stærri viðvarandi verkefnum.
- Starfsmaður stýrir, að beiðni framkvæmdastjórnar, fastanefnd á vegum HSS.

Álag þetta sætir endurskoðun, ekki sjaldnar en árlega.

6. Réttur til handleiðslu

Sálfræðingar sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja skulu eiga rétt á allt að 10 handleiðslutímum á ári utan stofnunar, miðað við 100% starf en annars hlutfallslega. Við lok hvorrar handleiðslulotu skal sálfræðingur framvísa handleiðsluvottorði.

7. Samstarfsnefnd

Um samstarfsnefnd vísast til greinar 11 í samningi þeim er þessi samningur byggir á.



8. Grundvöllur og gildistími

Samningur þessi er gerður á grundvelli kjarasamnings Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. gr. 11.1.1 og gr. 11.1.3 í þeim samningi.

Samningur þessi gildir frá 1. nóvember 2013.

Reykjanesbæ, 25.06. 2014

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Ólís Keymullu
Branfríður Branadóttir

F.h. Sálfræðingafélags Íslands

Elin Skinarisdóttir
Inga Huld Hermíóð